

# Sæktu um styrk

## til að efla menningu & mannlíf í Kópavogi

Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogsbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóði nefndarinnar. Markmiðið er að efla og auðga menningar- og mannlíf bæjarins með nýstárlegum og skapandi viðburðum. Við hvetjum einstaklinga, listhópa, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir sem vinna á sviði lista, hönnunar eða arkitektúrs til að sækja um.

### Við leitum sérstaklega að verkefnum og viðburðum sem:

- ★ Fara fram í almenningsrýmum
- ★ Auka tengsl manns og náttúru
- ★ Hvetja til íbúaþátttöku
- ★ Einkennast af frumleika og sköpun

### Umsókn þarf að innihalda:

- ★ Skýra lýsingu á gildi verkefnisins fyrir menningar- og mannlífið í Kópavogi
- ★ Mat á getu umsækjanda til að hrinda verkefninu í framkvæmd
- ★ Greinargóða fjárhagsáætlun

MEKó

Umsóknareyðublöð, úthlutunarreglur og nánari upplýsingar má finna á upplýsingasíðu um menningarstyrki – **meko.is.**
Fyrirspurnir má senda til Soffíu Karlsdóttur, forstöðumanns menningarmála í Kópavogi: **soffiakarls@kopavogur.is**
Umsóknir má einnig skila í **gegnum Þjónustugátt Kópavogs.**

**Umsóknarfrestur er til og með 23. október.**

af '0000000000' dags: 19.08 2026